



379. Stjórnarfundur haldinn 26. sept. 2011 kl:19:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

1. Fundur með stjórn fimleikadeildar Keflavíkur.

EH bauð stjórn fimleikadeildarinnar velkomna til fundar.

EH fór yfir áhyggjur aðalstjórnar af fjárreiðum deildarinnar. Helga Hildur formaður fimleikadeildar skýrði framtíðarsýn deildarinnar í fjármálum og hvað hefur verið gert í þeim efnum. Æfingagjöld hafa verið hækkuð. Helga Erla fór yfir fjármálin og stöðu deildarinnar. Rætt ítarlega um fjárreiður deildarinnar og þjálfaramál sem er stór kostnaðarliður. Stjórn fimleikadeildarinnar sér fram á betri tíma í fjárreiðum deildarinnar og hefur aðhald verið hert. EH þakkaði stjórn fimleikadeildar fyrir greinagóðar upplýsingar og fyrir komuna.

Erindi fimleikadeildar sem frestað var á síðasta stjórnarfundu tekið fyrir.

Bréf frá Helgu Hildi Snorradóttur formanni fimleikadeildar v/ heimildar á hækkun og lengingu yfirdráttar. „*Samþykkt að veita fimleikadeild Keflavíkur heimild til hækkunar á yfirdrætti í Landsbanka Íslands í eina milljón og sjöhundruð þúsund króna (1.700.000-kr.) til 31. desember 2011, framkvæmdastjóra falið málið.*“

2. Fundur með stjórn knattspyrnudeildar.

EH bauð stjórnarmenn knattspyrnudeildar og fulltrúa mfl.kv velkomna á fund og fór yfir tilefni fundarins. EH fór yfir ábyrgðir aðalstjórnar (félagsins) vegna fjárskuldbindinga deilda. Þorsteinn Magnússon skýrði fá stöðu mála hjá deildinni. Fjárhagur deildarinnar virðist vera á réttu róli og ráðist í niðurskurð til að ná endum saman. EH spyr um frágang starfslokasamnings við þjálfara mfl. kv.? Margrét Sanders skýrir frá efni samnings við þjálfarann. Rætt um fjármálin í heild sinni. Farið yfir heimildir til skuldsetningar deilda. EH þakkaði stjórnarmönnum knattspyrnudeildar og fulltrúum mfl.kv. fyrir komuna.

Erindi knattspyrnudeildar sem frestað var á síðasta stjórnarfundu tekið fyrir. Nokkrar umræður um fyrirliggjandi beiðni deildarinnar og ákveðið að taka það fyrir á næsta stjórnarfundu sem er fimmtudaginn 6. okt. 2011.

3. Önnur mál.

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.22:20

Fundinn ritaði SG

